

Föstudaginn 17. mars 1989.

Nr. 78/1989. **Hótel Örk hf.**

gegn

Framkvæmdasjóði Íslands,

Sigurði Hall og

Svölu Ólafsdóttur.

Kærumál. Fógetagerð. Útburðargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Þorgeir Ingi Njálsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu 2. mars sl. lýsti lögmaður Hótel Arkar hf. kæru til Hæstaréttar á þeirri dómsathöfn sýslumanns að lýsa yfir því 16. febrúar sl., að Framkvæmdasjóði Íslands væru fengin umráð fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði. Vitneskju um dómsathöfnina kvaðst forsvarsmaður hlutfélagsins hafa fengið 17. febrúar. Kæruheimild var talin vera 3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Krafa sóknaraðila er sú, að framangreind ákvörðun verði felld úr gildi.

Af hálfu Framkvæmdasjóðs Íslands er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og sóknaraðila gert að greiða sjóðnum málskostnað. Til vara er þess krafist að hin kærða dómsathöfn verði staðfest og sóknaraðili dæmdur til að greiða sjóðnum málskostnað.

Sigurður Hall og Svala Ólafsdóttir hafa ekki sett fram kröfur hér fyrir dómi.

Með útburðarbeiðni, dagsettri 16. febrúar sl., var þess beiðst af hálfu varnaraðila, Framkvæmdasjóðs Íslands, að áðurgreind fasteign (Hótel Örk), sem sögð var eign sjóðsins, yrði rýmd og fengin honum til fullra og óheftra umráða. Þess var óskað, að útburðargerðinni yrði beint að umráðamönnum fasteignarinnar, Sigurði Hall og Svölu Ólafsdóttur, sem hefðu „öll formleg umráð fasteignarinnar á hendi á grundvelli „samnings“ við hótel Örk hf. um leigu

á fasteigninni, dags. 12.2.1989“. Í útburðarbeiðninni er lýst ágrein-
ingi um gildi leigusamninga um fasteignina.

Fógetaréttur var settur í Breiðumörk 1 C þegar hinn 16. febrúar.
Var bókað, að fyrir væri tekið fógetaréttarmál Framkvæmdasjóðs
Íslands gegn Sigurði Hall og Svölu Ólafsdóttur. Þau lýstu yfir, að
þau samþykktu kröfuna um útburð, og kváðust víkja af eigninni.
Síðan var bókað:

„Fógeti lýsti yfir, að með samþykki gerðarpola væru gerðar-
beiðanda fengin umráð fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í
Hveragerði.

Með framangreindum hætti er gerð þessari lokið.“

Fógetagerð þessi sætir ekki kæru, heldur áfrýjun til Hæstaréttar
eftir 21. gr., 1. mgr. 3 c í lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.
Sjálfstæðri kæru á grundvelli 21. gr., 2. mgr., verður ekki við
komið að lögum í málinu. Ber því að vísa kærumálinu frá Hæsta-
rétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.
